

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um störf þingmanna á vegum framkvæmdarvaldsins.

1. *Hvaða þingmenn hafa setið í nefndum, ráðum, framkvæmdahópum eða öðrum hópum á vegum ráðuneytisins ár hvert frá árinu 2006?*

Þróunarsamvinnunefnd var sett á laggirnar eftir lagabreytingar 2008, lög nr. 121/2008. Enginn þingmaður sat í nefndinni fyrr en eftir breytingar á lögum nr. 122/2015 í árslok 2015. Eftirfarandi þingmenn hafa setið undanfarin ár eða sitja nú í Þróunarsamvinnunefnd:

Tafla. *Seta þingmanna í Þróunarsamvinnunefnd árin 2016–18.*

Aðalmenn	Varamenn	Flokkur	Skipun
Óttarr Proppé	Björt Ólafsdóttir	Björt framtíð	2016
Karl Garðarsson	Silja Dögg Gunnarsdóttir	Framsóknarflokkur	2016
Ásta Guðrún Helgadóttir	Birgitta Jónsdóttir	Píratar	2016
Árni Páll Árnason	Katrín Júlíusdóttir	Samfylkingin	2016
Elín Hirst	Vilhjálmur Bjarnason	Sjálfstæðisflokkur	2016
Steinunn Þóra Árnadóttir	Steingrímur J. Sigfússon	Vinstrihr. – grænt framboð	2016
Nichole Leigh Mosty	Theodóra S. Þorsteinsdóttir	Björt framtíð	2017
Silja Dögg Gunnarsdóttir	Þórunn Egilsdóttir	Framsóknarflokkur	2017
Birgitta Jónsdóttir	Þórhildur Sunna Ævarsdóttir	Píratar	2017
Guðjón S. Brjásson	Oddný G. Harðardóttir	Samfylkingin	2017
Vilhjálmur Bjarnason	Valgerður Gunnarsdóttir	Sjálfstæðisflokkur	2017
Steinunn Þóra Árnadóttir	Andrés Ingi Jónsson	Vinstrihr. – grænt framboð	2017
Jón Steindór Valdimarsson	Hanna Katrín Friðriksson	Viðreisn	2017
Ólafur Ísleifsson	Inga Sæland	Flokkur fólksins	2018
Silja Dögg Gunnarsdóttir	Willum Þór Þórsson	Framsóknarflokkur	2018
Birgir Þórarinnsson	Anna Kolbrún Árnadóttir	Miðflokkur	2018
Halldóra Mogensen	Helgi Hrafn Gunnarsson	Píratar	2018
Logi Einarsson	Albertína Friðbjörg Elíasdóttir	Samfylkingin	2018
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir	Vilhjálmur Árnason	Sjálfstæðisflokkur	2018
Þorsteinn Víglundsson	Hanna Katrín Friðriksson	Viðreisn	2018
Steinunn Þóra Árnadóttir	Andrés Ingi Jónsson	Vinstrihr. – grænt framboð	2018

2. *Hverjar þessara nefnda voru launaðar og hver voru árleg laun hvers þingmanns?*

Fulltrúar í Þróunarsamvinnunefnd þiggja ekki greiðslur fyrir störf sín í nefndinni, enda gert ráð fyrir að nefndarsetan tengist starfi þeirra.

3. *Hvað má ætla að þingmenn hafi lagt mikla vinnu í tímum talið í störf fyrir nefndina ár hvert?*

Þróunarsamvinnunefnd hefur fundað alls átta sinnum síðan 4. maí 2016. Nefndin fundar að lágmarki tvisvar á ári með ráðherra og upplýsir utanríkismálanefnd reglulega um störf sín.

4. *Hafa þingmenn fengið laun fyrir aðra vinnu á vegum ráðuneytisins? Ef svo er, fyrir hvað og hvenær?*

Nei.

5. *Hafa þingmenn unnið ólaunaða vinnu við verkefni eða nefndastörf á vegum ráðuneytisins frá árinu 2006, og ef svo er, hvaða?*

Já, í Þróunarsamvinnunefnd. Sjá svar við 2. tölulið.

6. *Hafa þingmenn fengið laun sem verktakar frá ráðuneytinu frá árinu 2006 og ef svo er, fyrir hvaða verkefni og hver var fjárhæð umbunar fyrir það?*

Nei.

7. *Hvaða „afurð“ skilaði hver nefnd sem þingmaður átti sæti í afsér í lok starfstíma nefndarinnar og hvert var henni skilað?*

Afurð Þróunarsamvinnunefndar er skilgreind í 4. gr. laga nr. 121/2008, um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Þar segir: „Þróunarsamvinnunefnd skal sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til lengri tíma og fylgjast með framkvæmd hennar. [...] Nefndin skal m.a. fjalla um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu og aðgerðaáætlun þar að lútandi, framlög til þróunarsamvinnu, val á samstarfslöndum, þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana á sviði þróunarsamvinnu, sem og helstu skýrslur um árangur í þróunarsamvinnu.“

8. *Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett um setu þingmanna í nefndum á vegum ráðuneytisins?*

Ráðuneytið hefur ekki skriflegar reglur um setu þingmanna í nefndum á vegum ráðuneytisins. Þróunarsamvinnunefnd hefur sett sér starfsreglur.